

# Samantekt af hugarflæðisfundi skólaráðs Tjarnarskóla

## 23. febrúar 2010

Mættir starfsmenn: Margrét – Sirrí – Viktoría – Þórir Andri – Anna Laufey

Mættir nemendur: Una Valgerður – Elma Dís – Kári – Helen Sól – Guðný Rut Uma – Emil Kári – Lísá Lind

Mættir foreldrar: Halldóra (Uma) – Hulda (Guðjón) – Erlendur (Bjarni) - Linda (Hugrún) – Helga (Kári) – Ása (Emil Kári)

Frá grenndarsamfélagi: Ragnheiður Hanson

### 1. Hvernig er hægt að bæta skólastarfið?

Tillögur sem komu: Halda böll með Landakotsskóla – setja sófa fram á gang – sleppa Sarpi hjá KVOS – útbúa skólaboli / peysur – fleiri vettvangsferðir – skiptast á um tölvurnar í frímínútum – hafa myndlistartíma – hafa valgreinar t.d. heimilisfræði, myndmennt, textil o.fl. - sleppa 5 mínútna frímínútum og hætta fyrr í skólanum - meiri fjölbreytni í kennslutímum – Samfés, Skrekkur og samstarf við aðra skóla – nýta Mæðragarðinn – dagsferðir á Listasöfn og vinnustaði – nýta nærumhverfið fyrir íþróttir t.d. Hljómskálagarðinn og fara á skauta á Tjörnina þegar hún er frosin – geta valið fleiri bóklegar greinar t.d. eðlisvísindi, jarðfræði... – fá að halda vinaball, bjóða vini með á ball – 7. bekkingar eru ánægðir með samfélagsfræðitímuna – lýst ánægju með félagslífið og námið í vetur og leiklistartímuna – stungið upp á sérnámskeiðum t.d. ljósmyndun, skák, söng, hljóðfæranámskeið – Náttúrulífsskólinn -

### 2. 25 ára afmæli skólans.

Tillögur sem komu: Tónlist – nemendasýning – leiklistarhópurinn með sýningu á afmælinu – grilla í Hljómskálagarðinum – stór hátíð með kennurum, foreldrum og nemendum – opið hús, bjóða eldri nemendum og fyrrverandi starfsfólki – sýning á gömlum verkefnum – grilla í Mæðragarðinum – setja merki utan á skólann til að merkja hann betur – bjóða borgarstjóranum og menntamálaráðherra – hafa þema 1985 = diskótímabilið, taka saman atburði og hluti sem gerðust árið 1985 árið sem skólinn var stofnaður – nýta grenndarskóginn – opið hús t.d. með kaffihúsi, allir komi með veitingar, gæti verið fjáröflun – fá ókeypis bás í Kolaportinu hjá borginni og selja kompuðót til fjáröflunar fyrir eitthvert líknarfélag, gjarnan miðborgartengt, nemendur gætu skipt sér á tvo daga lau./sun. – grill með nemendum og foreldrum –

Ragnheiður Hanson taldi að hægt væri að fá bása ókeypis í Kolaporti ef verið væri að styrkja verðugt verkefni - einnig taldi hún víst að SS væru til í að gefa pylsur og Sól safa ef það væri góð auglýsing fyrir þá.

Helga, mamma Kára, sagði frá því að í UK væru kennarar oft með fjölbreytileg námskeið eftir kennslu til þess að drýgja tekjurnar.

Tölvupóstur kom frá Hönnu Maríu og Níelsi, foreldrum Unnar Agnesar. Þau telja feður vannýttu í skólastarfi ☺. Upplagt að hafa stundum pabbadag.